



## Reglur Landbótasjóðs Landgræðslunnar

Landbótasjóður Landgræðslunnar var stofnaður árið 2003. Landgræðslan leggur honum til fjármagn sem veitt er til landbótaverkefna en öðrum aðilum er jafnframt heimilt að styrkja starfsemi sjóðsins.

### 1. Markmið

Markmið Landbótasjóðs er að hvetja umráðahafa lands til verndunar og endurheimtar þurrlendisvistkerfa. Áhersla er lögð á verkefni sem miða að stöðvun hraðfara landhnignunar, gróðureyðingar og jarðvegsrofs. Jafnframt að stuðla að styrkingu gróðurs á rýru landi og sjálfbærri landnýtingu.

### 2. Auglýsingar og umsóknir

Landbótasjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki í desember ár hvert. Í auglýsingunni skal m.a. tiltaka hvernig skuli sækja um og hvenær umsóknarfrestur rennur út. Umsóknir skal senda á Landgræðsluna. Umsóknum verða að fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- nafn og heimili umsækjanda
- símanúmer umsækjanda
- ábyrgðaraðili verkefnis
- netfang ábyrgðaraðila
- heiti verkefnis og staðsetning
- greinargóð lýsing á verkefni; markmið, aðgerðir, umfang, verk- og tímaáætlun
- landbóta- og landnýtingaráætlun ásamt loftmynd

Hægt er að veita undanþágu á kröfu um landbóta- og landnýtingaráætlun sé einungis unnið með lífrænt efni til eins árs.

Ófullnægjandi umsóknum verður hafnað með tilvísun til viðkomandi annmarka.

### 3. Mat á umsóknum

Við ákvörðun styrkveitinga er lögð áhersla á verkefni sem miða að:

- stöðvun hraðfara landhnignunar, gróðureyðingar og jarðvegsrofs
- endurheimt gróðurs og jarðvegs
- sjálfbærri landnýtingu

Sjóðurinn áskilur rétt til að taka út fyrirhugað uppgræðslusvæði áður en ákvörðun um úthlutun er tekin.

Sjóðurinn styrkir m.a. ekki eftirtalin verkefni:

- endurheimt votlendis
- bakkavarnir og varnargarða
- tækjakaup
- upprif girðinga

### 4. Úthlutun

Landgræðslustjóri skipar verkefnisstjórn Landbótasjóðs og metur hún styrkhæfni umsókna. Verkefnisstjórn fer yfir gildar umsóknir og gerir tillögu að úthlutun styrkja til landgræðslustjóra. Öllum umsóknum skal svarað skriflega innan sex vikna frá lokum umsóknarfrests og jafnframt skal birta upplýsingar um styrkveitingar ársins á heimasíðu Landgræðslunnar.

Heimilt er að styrkja verkefni til allt að fimm ára enda fylgi umsókn landbóta- og landnýtingaráætlun sem nær að lágmarki til sama tímabils og umsókn.

Við forgangsröðun umsókna er m.a. tekið mið af eftirtöldum atriðum:

- að markmið verkefnis sé skýrt og mælanlegt auk þess sem gerð sé nákvæm grein fyrir því landi sem vinna skal á. Afmörkun aðgerðasvæðis á loftmynd er skilyrði
- hvort umsækjandi hafi áður hlotið styrk og lokið viðkomandi verkefni með fullnægjandi hætti

- beitarfriðuð svæði eru ofar í forgangi og geta fengið hærra styrkhlutfall en beitt svæði
- verkefni sem eru á fjárlögum ríkisins lenda aftast í forgangs röðun

Meginregla er að upphæð styrks getur numið allt að 2/3 hluta af reiknuðum kostnaði við vinnu og kaup á aðföngum. Landgræðslan leggur mat á kostnað verkefna og miðar við gildandi verðskrá stofnunarinnar fyrir viðkomandi verk þar sem því verður við komið. Hver styrkveiting getur ekki numið meiru en 10% af heildarfjármagni sjóðsins.

## **5. Ábyrgð**

Styrkþegar eru ábyrgir fyrir umsjón og framkvæmd verkefna og að unnið sé í samræmi við umsókn og úthlutun. Þeim er skylt að fylgja reglum sem í gildi eru og leita tilskilinna leyfa eftir atvikum. Styrkþegi ber ábyrgð á að senda inn til Landgræðslunnar gögn er snúa að umfangi og staðsetningu aðgerða. Vakin er sérstök athygli á að allar aðgerðir skulu vera GPS-ferlaðar.

## **6. Uppgjör**

Til að greiðsla geti farið fram þarf styrkþegi að senda rafrænan reikning fyrir 1. október sem og upplýsingar um gagnaskil, s.s. staðsetningu og umfang verkefnis skv. leiðbeiningum sem sendar verða styrkþegum. Fyrir verkefni sem unnin eru að hausti er heimilt að veita undanþágu frá ofangreindri dagsetningu með samþykki Landgræðslunnar.

Þeir sem hljóta hærri styrk en 200.000 kr. geta, þegar verk er hafið, fengið helming hans greiddan sé þess óskað. Eftirstöðvar eru greiddar að verki loknu þegar tilskildum gögnum hefur verið skilað.

## **7. Framkvæmd**

Dreifingu tilbúins áburðar og sáningum skal vera lokið fyrir 10. júlí hvers árs,

ella kann styrkupp hæð að verða skert skv. ákvörðun Landgræðslunnar:

- dreifing milli 15. og 31. júlí: 30% skerðing.
- dreifing 1. ágúst eða síðar telst ekki styrkhæf og fellur styrkur þá niður.

Óskir um frávík frá þessum tímafresti skulu berast fyrir 10. júlí til héraðsfulltrúa á viðkomandi svæði eða að öðrum kosti á netfangið lbs@land.is. Þessi tímafrestur á eingöngu við um þegar unnið er með tilbúinn áburð og fræ í tengslum við hann.

Sé magn þess efnis sem dreifa skal (s.s. tilbúinn/lífrænn áburður eða heyrúllur), stærð aðgerðarsvæðis sem unnið er á eða aðrir þeir þættir sem áhrif hafa á niðurstöðu úthlutunar - minni en tilgreint var í umsókn og úthlutunin tók mið af, þá skerðist styrkur hlutfallslega.

Tafir á gagnaskilum kunna að leiða til skerðingar styrkfjár:

- eftir 1. október skerðist styrkur um 15%
- eftir 1. nóvember skerðist styrkur um 50%
- eftir 15. nóvember fellur styrkur niður að fullu

Vanefndir á verkefni kunna að leiða til kröfu um endurgreiðslu, hafi hluti styrks þegar verið greiddur.

Landgræðslan

Gunnarsholti 9. desember 2019

Árni Bragason  
Landgræðslustjóri

Garðar Þorfinnsson  
verkefnisstjóri Landbótasjóðs